



Málþing um persónuvernd og friðhelgi einkalífs

19. október 2012

Forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu og
persónuvernd

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri



Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlutverk lögreglu

- a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,
- b. að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,
- c. að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála eða öðrum lögum,
- d. að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,
- e. að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,
- f. að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,
- g. að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.



Yfirlit

- Rannsóknir lögreglu
 - Hefðbundnar sakamálarannsóknir
 - Forvirkar rannsóknir
- Hvaða heimildir eru til forvirkra rannsókna og hvaða takmarkanir blasa við lögreglu?



Mannréttindaákvæði og hlutverk lögreglu

- Rétturinn til lífs, frelsis, mannhelgi og öryggis
- Samspil og árekstrar við önnur mannréttindaákvæði
- Til þess að tryggja réttindi eins þarf að skerða réttindi annars



Rannsóknir hjá lögreglu

- Hefðbundnar sakamálarannsóknir
 - Lögregla skal hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið samkvæmt 2. mgr. 52. gr. sakamálalaga
 - Öll brot falla hér undir, þar á meðal tilraunabrot
 - Takmarkað við tiltekna háttsemi/brot



Forvirkar rannsóknir

„Forvirkar rannsóknarheimildir eru réttarheimildir, oftast nær lög eða stjórnvaldsfyrirmæli, sem heimila rannsókn, tiltekna rannsóknaraðferðir, heimildaöflun, eftirlit eða notkun þvingunarráðstafana af hálfu yfirvalda eða stofnana, á einstaklingum, hópum, lögaðilum, aðstæðum og/eða tilteknu atferli, vegna hugsanlegra eða ætlaðra brota sem að jafnaði eru talin ógna almenningi, öryggi ríkisins og/eða sjálfstæði þess. Undir þessi brot falla m.a. brot á borð við skipulagða brotastarfsemi og hryðjuverk. Forvirk rannsókn fer fram áður, eða samhliða því, að eiginlegt brot er framið, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, og/eða uppræta, brot áður en það er fullframið. Þá má einnig nota sérstakar forvirkar heimildir í höndum upplýsingaþjónustna við gerð áhættumata og greininga á stöðu í þjóðfélaginu.“

Benedikt Smári Skúlason, Forvirkar rannsóknarheimildir - Meistararitgerð í lögfræði, maí 2012.



Hvaða heimildir eru til forvirkra rannsókna hjá lögreglu?

- Hlutverk lögreglu samkvæmt lögreglulögum að gæta almannaöryggis, stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins
- Í þessu felst skylda til afskipta af hálfu lögreglu þar sem brot kunna að vera yfirvofandi




Hvaða heimildir eru til forvirkra rannsókna hjá lögreglu?


- Reglur um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála nr. 516/2011 miðað m.a. að því að fyrirbyggja refsiverða háttsemi
- Löggjafinn gerir ráð fyrir og veitir lögreglu heimild til forvirkra aðgerða á ákveðnum sviðum




Dæmi um forvirkar rannsóknir hjá lögreglu




Dæmi um forvirkar rannsóknir hjá lögreglu



Dæmi um forvirkar rannsóknir hjá lögreglu



Dæmi um forvirkar rannsóknir hjá lögreglu



Hvaða heimildir eru til forvirkra rannsókna hjá lögreglu?

- Álit Umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 5918/2010 – heimild sakamálalaga til leitar á víðavangi og húsakynnum sem opin eru almenningi.
- Heimildin túlkuð þröngt með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár og MSE um friðhelgi einkalífs
- Heimilt að beita þessum úrræðum í forvirkum tilgangi



Hvaða takmarkanir blasa við lögreglu?

- Eru núverandi heimildir til forvirkra rannsókna fullnægjandi?
- Eru heimildir lögreglu til hefðbundinna rannsókna sakamála of takmarkaðar?



Aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi og hryðjuverkum

- Hefðbundnar rannsóknir og rannsóknarheimildir eru ekki fullnægjandi til þess að ná öllum þeim sem standa á bak við starfsemina, fjármagna hana og skipuleggja
- Víðtækari rannsóknarheimildir eru til staðar í öllum okkar nágrannalöndum, en ekki hér á landi



Ýmis dæmis um löggjöf þar sem langt er gengið

- Heimildir útlendingalaga um miðlun farþegaupplýsinga til lögreglu
- Eftirlitsheimildir Seðlabankans með gjaldeyrisviðskiptum í lögum um gjaldeyrismál
- Bann við vændiskaupum og bann við nektardansi



Takmarkanir við hefðbundnar rannsóknir sakamála

- Dómur Hæstaréttar í málinu nr. 562/2012 – afhending símagagna
- Lagaákvæðið túlkað þröngt með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs
- Hefði sérstakt ákvæði í stjórnarskrá um rétt til öryggis einhverju breytt?



Helstu niðurstöður

- Löggjafinn og framkvæmdavaldið ætlast til þess að lögreglan vinni með forvirkum hætti
- Ýmsar heimildir til staðar, en þær eru ekki á þeim sviðum sem mestu máli skiptir
- Heimildir og rannsóknarúrræði lögreglu túlkuð þröngt með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um friðhelgi einkalífs
- Stjórnarskráin og mannréttindasáttmálar standa ekki í vegi fyrir því að lögreglan fái með lögum víðtækari heimildir

